

Efni: Umsögn foreldraráðs Arnarsmára um starfsáætlun 2018-2019

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun og skóladagatal leikskólaársins 2018-2019 var kynnt foreldraráði í ágúst 2018 og endurspeglar þau bæði það starf og þá stefnumótun sem hefur verið í gangi í skólanum. Það er einmitt áberandi hversu faglega er unnið eftir þeim áætlunum sem skólinn setur fram.

Í Arnarsmára er unnið afar metnaðarfullt starf. Í skólastarfinu frá upphafi hafa einkunnaorð skólans verið höfð að leiðarljósi en þau eru **frumkvæði, vinátta og gleði**. Frá árinu 2004 hafa kennarar skólans einnig haft að leiðarljósi stefnu sem þeir þá kynntust og nefnist **Uppbygging sjálfsaga – Uppeldi til ábyrgðar**. Þessi stefna passar vel við einkunnarorðin fyrrnefndu og er greinilegt að unnið er eftir þessum gildum í skólanum. Það skín í gegn að metnaður starfsfólks fyrir starfinu er mikill og börnin fá að njóta sín hvert á sínum hraða. Kennarar skólans hafa verið duglegir að efla umhverfisvitund barnanna með hinum ýmsu ráðum t.a.m fer hver hópur og velur sér sitt vinatré hvert haust.

Samstarf við foreldra gengur mjög vel í Arnarsmára. Foreldrar fá reglulega tölvupósta um hina ýmsu viðburði sem hafa átt sér stað eða eru framundan. Í Arnarsmára er lögð áhersla á það að foreldrar upplifi að börnunum sínum líði vel og að kennurum þyki vænt um börnin þeirra. Sérstaklega er vel tekið á móti nýjum börnum sem byrja og aðlögun yngstu barnanna er til fyrirmyndar. Allt eins og það á að vera.

Á skólaárinu 2018-2019 verða eins og undanfarin ár haldnir foreldrafundir, bæði hóp- og einstaklingsfundir. Upplýsingatöflurnar verða á sínum stað í hverju fataherbergi og einnig er upplýsingaflæði á heimasíðu skólans mjög gott og eru reglulega sendar upplýsingar í netpósti til foreldra. Auk þess er alltaf aðgangur að kennurum skólans hvort sem um er að ræða létt spjall í fatahenginu eða ef óskað er eftir formlegum fundi.

Líkt og undanfarin ár hefur starfsmannavelta verið lítil. Í Arnarsmára starfar góður og þéttur hópur sem hefur virkilegan áhuga á starfinu sínu og sinnir því þar af leiðandi mjög vel.

Lokaorð:

Foreldraráð fagnar öllum framangreindum markmiðum skólans af heilum hug og telur að skólanámskrá og skóladagatal Arnarsmára fyrir veturinn 2018-2019 séu faglega og vel unnin eins og alltaf. Námskráin gefur mjög góða mynd af því frábæra starfi sem unnið er á hverjum degi í skólanum.

Skólinn hefur í öllu starfi lagt mikla áherslu á gott samstarf við foreldra og nemendur skólans og er einhugur meðal foreldra skólans hversu gott samfélag Arnarsmári er.

Fyrir hönd foreldraráðs Arnarsmára:
